

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 136/2022

2022/EES/61/48

frá 29. apríl 2022

um breytingu á V. viðauka (Frjáls för launþega) og VIII. viðauka
(Staðfesturéttur) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/503 frá 29. mars 2022 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953 sem varðar það að veita ólögráða börnum undanþágu frá viðurkenningartímabili bólusetningavottorða sem gefin eru út með sniði stafræna ESB-vottorðsins vegna COVID (1).
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/483 frá 21. mars 2022 um breytingu á framkvæmdaákvörðun (ESB) 2021/1073 um tækniforskriftir og reglur um framkvæmd traustamma stafræna ESB-vottorðsins vegna COVID, sem komið var á með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953 (2).
- 3) V. og VIII. viðauki við EES-samninginn breytast því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á V. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við 10. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2021/953):

„– **32022 R 0503:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/503 frá 29. mars 2022 (Stjtíð. ESB L 102, 30.3.2022, bls. 8).“

2. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 10a (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2021/1073):

„– **32022 D 0483:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/483 frá 21. mars 2022 (Stjtíð. ESB L 98, 25.3. 2022, bls. 84).“

2. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á VIII. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við 11. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2021/953):

„– **32022 R 0503:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/503 frá 29. mars 2022 (Stjtíð. ESB L 102, 30.3.2022, bls. 8).“

2. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 11a (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2021/1073):

„– **32022 D 0483:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/483 frá 21. mars 2022 (Stjtíð. ESB L 98, 25.3. 2022, bls. 84).“

(1) Stjtíð. ESB L 102, 30.3.2022, bls. 8.

(2) Stjtíð. ESB L 98, 25.3.2022, bls. 84.

3. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) nr. 2022/503 og framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 2022/483, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 30. apríl 2022, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 29. apríl 2022.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.